


Sýning í Þjóðarbókhlöðu, opnuð í maí 2023

Myndasögur eru eitt vinsælasta og aðgengilegasta listform sem til er. Varla er til sá Íslendingur í dag sem þekkir ekki til alþjóðlegra myndasagnahetja eins og Andrésar Andar, Tinna eða Ástríks. Samt virðist íslenskum myndasögum almennt lítill gaumur gefinn sem listformi. Fyrir um hundrað árum teiknuðu Guðmundur Thorsteinsson (Muggur) og Tryggvi Magnússon verk sem við myndum nú kalla myndasögur og Erró hefur í myndverkum sínum leitað í smiðju alþjóðlegra myndasagnahöfunda.

En hvar eru hetjur okkar á sviði myndasagna? Sigga Vigga eftir Gísla J. Ástþórsson hefur verið kölluð fyrsta íslenska myndasöguhetjan, en hún birtist fyrst í Alþýðublaðinu vorið 1959. Fimm bækur um Siggu Viggu voru gefnar út hjá Bros forlaginu á árunum 1978-1980.



Hérlend tímarit fóru að birta myndasögur íslenskra höfunda um miðja 20. öld. Káti Láki var saga fyrir börn sem birtist í Vorinu 1948 og 1949. Segja má að myndasögurnar Ævintýri Ása Þórs eftir Harald Guðbergsson sem birtist í Lesbók Morgunblaðsins haustið 1964 og sagan um Sæmund fróða sem birtist í Fálkanum sumarið 1965 hafi fært íslenskar myndasögur meira inn á menningarsviðið. Árið 1980 komu út myndasögubækurnar Baldursdraumur og Þrymskviða eftir Harald.



Sigurður Örn Brynjólfsson (SÖB) gerði myndasöguræmuna Bísi og Krimmi sem birtist daglega á árunum 1977 og 1978 á síðum Dagblaðsins. Bísi og Krimmi komu út í bókarformi 1999. Svínharður Smásál er persóna sem Kjartan Arnórsson (Kjarnór) skapaði og kom hann fyrst fyrir sjónir lesenda Þjóðviljans vorið 1982. Froskur útgáfa gaf út bók með sögunum 2022.

Árið 1985 gaf Bjarni Hinriksson út Sjaldséðar sögur og ári síðar gaf Bragi Halldórsson út myndasöguna Það. Árið 1989 gáfu Þorri Hringsson og Sjón út myndasögubókina 1937 – ævintýri Tinnu og Hreins Borgfjörð. Árið 1990 hóf myndasögublaðið Gisp! göngu sína. Gisp! hefur komið út í ýmsu formi í 12 skipti. Árið 1991 var myndasögubúðin Nexus opnuð og jókst þá til muna aðgengi landsmanna að myndasögum. Árið 1996 kom fyrst út myndasögublaðið Blek sem varð Neo-Blek árið 2005 þegar Jean Posocco stofnaði myndasöguútgáfuna Frosk, sem hefur verið öflug í útgáfu á þýddum myndasögum.

Fleiri rithöfundar og teiknarar fóru að gefa út myndasögur eins og Hallgrímur Helgason, Hugleikur Dagsson og Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir. Og nú hefur myndasagan haslað sér völl í menntakerfinu. Elías Rúni og Halldór Baldursson hafa nýlega nýtt myndasöguformið sem tjáningarleið til að gera lokaverkefni við Listaháskóla Íslands.

Í dag er mikil gróska í heimi íslenskra myndasagna. Ísland stendur á hvirfilpunkti áhrifavalda: Nútímahöfundar njóta áhrifa gruggugra neðanjarðarmyndasagna jafnt sem Hollywood-væddra hasarsagna frá Bandaríkjunum, þeir drekka í sig stílhreinar ævintýrasögur

evrópsku meistaranna og þeir sækja óhræddir í framandi frásagnarheföir japanskra og kóreskra höfunda. Spennandi verður að sjá hvað íslenskir höfundar framtíðarinnar munu koma til með að skapa.

Íslenska myndasögusamfélagið var stofnað haustið 2019 til að efla menningu og iðnað myndasagna á Íslandi. Félagið heldur ýmsa menningarlega viðburði tengda myndasögum, heldur reglulega námskeið og vinnustofur tengd myndasagnagerð og styður við framleiðslu og útgáfu myndasagna á Íslandi. Er það von félagsins að vaxtarsprota íslenskra myndasagna ekki síður en frumkvöðla sé að finna á þessari sýningu.

Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn sér um varðveislu og söfnun allra tegunda efnis sem gefið er út á Íslandi eða til að dreifa á íslenskum markaði, þar með töldum myndasögum. Íslenskar myndasögur eru oft prentaðar erlendis eða í mjög litlu upplagi og er því hætta á að þær rati ekki inn á safnið.

Rafræn gögn, eins og t.d. vefmyndasögur, eiga líka heima á safninu. Þessi sýning er liður í samstarfi Landsbókasafns og ÍMS til að efla tengslin við þá höfunda og listamenn sem gefa út íslenskar myndasögur.

Íslenska myndasögusamfélagið og Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn hvetja myndasöguhöfunda og útgefendur myndasagna til að koma með útgáfur sínar til safnsins.

Landsbókasafn Íslands
Háskólabókasafn

ÍMS

Í samstarfi við Íslenska myndasögusamfélagið, Einar Val Másson og Ötlu Hrafney Önnudóttur
Umsjón af hálfu Landsbókasafns: Ólafur J. Engilbertsson
11. maí 2023